



Hafnarfjörður

Hafnarfirði 11. febrúar 2022.

2101532 - Skipulags- og byggingarráð, fyrirspurnir kjörinna fulltrúa

Lögð fram svör við fyrirspurnum fulltrúa Samfylkingarinnar í skipulags- og byggingaráði, Stefáni Má Gunnlaugssyni:

1. Fyrirspurnir um Hamranes og Skarðshlíð

a. Hvenær er áætlað að hverfin verði að fullu uppbyggð?

Síðustu lóðum í Skarðshlíð, var úthlutað í upphafi ársins 2021, lóðum í Hamranesi var einnig úthlutað á því ári. Gera má ráð fyrir að uppbygging í Hamranesi taki skemmri tíma og uppbyggingu beggja hverfa verði að mestu lokið á árinu 2025.

b. Þegar hverfin eru að fullu uppbyggð hvað er áætlað að margir íbúar verði í hverfinu? Óskað er eftir að gerð sé grein fyrir áætluðum fjölda leik- og grunnskólabarna.

Í Skarðshlíð eru 561 íbúðir, en úthlutaðar íbúðir í Hamranesi eru 1628. Samtals 2189 íbúðir. Ef gert er ráð fyrir 2,5 íbúða/íbúð verða íbúarnir í báðum þessum hverfum 5472.

Samkvæmt hagdeild bæjarins má búast við um 300 börnum á leikskólaaldri og 739 börnum á grunnskólaaldri í báðum þessum hverfum.

c. Hvenær er áætlað að hafin verði bygging grunn- og leikskóla í Hamraneshverfinu?

Á þessu ári hefst vinna vegna leik- og grunnskóla í Hamranesi, á fjárhagsáætlun er 25 m króna vegna vinnu við hönnun. Gera þarf ráð fyrir að bygging grunn- og leikskóla hefjist á næsta ári.

2. Fyrirspurn um framtíðarbyggingarsvæði

a. Fyrir utan Ásland 4 og Hraun-Vestur hvar er áætlað að verði næsta nýbyggingarsvæði fyrir íbúðarbyggð í Hafnarfirði samkvæmt aðalskipulagi?

Hafnarsvæði Óseyrarbraut/Hvaleyrarbraut 700 íbúðir, Slippsvæðið 150-200 íbúðir, íbúðir í miðbæ bæði á Strandgötu 26-30 og á reit 1, samtals 77 íbúðir, Selhraun suður þar er gert ráð fyrir 200 íbúðum þá er verið að ljúka úthlutun á lóðinni Ásvöllum 3, 100-110 íbúðum. Í lokin er gert ráð fyrir 420 íbúðum í Vatnshlíð, samkvæmt aðalskipulagi, sem tekur mið af samþykkt um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og vaxtamörkum þess.

b. Hvenær er áætlað að vinna við deiliskipulag hefjist á þeim svæðum?

Hafnarsvæðið Óseyrarbraut / Hvaleyrarbraut þar er aðal- og deiliskipulagsvinna hafin í samræmi við rammaskipulag, Slippsvæðið, þar mun deiliskipulagsvinna hefjast á þessu ári í samræmi við rammaskipulag og breytt aðalskipulag, gert er ráð fyrir að vinnu við deiliskipulag Vatnshlíðar hefjist á næsta ári, skv. áætlun um aðkeypta tæknivinnu skipulagsfulltrúa. Selhraun suður er í ferli, annað er með samþykkt deiliskipulag.

3. Fyrirspurn um Hamranes- og Hnoðraholtslínu



Hafnarfjörður

Á fundi skipulags- og byggingaráðs þann 26. janúar, 2021, bókaði ráðið að Hamraneslína þurfi að víkja og Hnoðraholtslína fari í jörðu og því beint til bæjarstjóra að hafnar verði viðræður við Landsnet um það.

- a. Hver er staðan á þeim viðræðum?
- b. Hvenær er gert ráð fyrir að framkvæmdir hefjist við að fjarlægja Hamraneslína og setja Hnoðraholtslína í jörðu.

Viðræður hafa gengið vel, gert er ráð fyrir að Hnoðraholtslína fari í jörð fyrir september 2022, samkvæmt áætlunum Landsnets. Ný lausn vegna Hamraneslína er kynnt á fundi skipulags- og byggingarráðs 15. febrúar 2022. Gert er ráð fyrir að Hamraneslínur fari í jörðu, samkvæmt tillögu Landsnets.

4. Fyrirspurn um Hraun-Vestur

- a. Hvenær er áætlað að framkvæmdir hefjist við uppbyggingu íbúðarbyggðar á Hraun-Vestur?

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir við fyrsta reitinn, þar sem samþykkt deiliskipulag fyrir 490 íbúðir ásamt verslun, þjónustu og leikskóla liggur fyrir hefjist á miðju ári.

- b. Hver er áætlunin um uppbyggingu hverfisins? Tillaga að deiliskipulagi við Trönuhraun liggur fyrir til afgreiðslu skipulags- og byggingarráðs, alls 267 íbúðir ásamt verslun og þjónustu. Auk þess liggur fyrirspurn fyrir skipulags- og byggingarráði um uppbyggingu á reit við Trönuhraun-Stakkahraun-Reykjavíkurveg um uppbyggingu þar sem gert er ráð fyrir 194 íbúðum ásamt verslun og þjónustu.

Áætla má að uppbygging svæðisins geti tekið einhvern tíma, en gert er ráð fyrir í rammaskipulagi að 70% lóðarhafa á reit eigi að koma sér saman um uppbyggingu á reitnum.